

Menningarläsi

Flugvellir eru kjarni alþjóðlegra samskipta þar sem fólk frá ólíkum menningarheimum mætist daglega. Hvort sem þú vinnur við afgreiðslu, öryggisleit, flugþjónustu eða önnur störf, er mikilvægara en nokkru sinni að geta átt jákvæð samskipti við fjölbreyttan hóp viðskiptavina og samstarfsfólks. Misskilningur getur auðveldlega átt sér stað vegna ólíkra væntinga, hegðunar og tjáningarmáta.

Þetta námskeið er sérsniðið fyrir þá sem starfa í Fríhöfninni og vilja:

- skilja betur ólíkar menningarheildir og hvernig þær hafa áhrif á samskipti
- draga úr árekstrum og misskilningi sem getur komið upp í daglegu starfi
- byggja upp jákvætt samband við viðskiptavinum og samstarfsfólk
- efla sjálfsöryggi í samskiptum við fólk frá mörgum heimshörnum.

Meðal þess sem tekið er fyrir:

- Að þekkja og vinna gegn eigin fordómum
- Hvernig ólík viðhorf og menningarlegar venjur geta leitt til árekstra og hvernig má takast á við þau.
- Hvernig mismunandi menningarheildir hafa áhrif á væntingar og hegðun.
- Innsýn í menningarviddir Geert Hofstede til að auka skilning á menningarlegri fjölbreytni.

Ávinningur:

- Betri samskipti við fjölbreyttan hóp viðskiptavina og samstarfsfólks.
- Aukinn skilningur á ólíkum menningarheimum.
- Meira umburðarlyndi og aukin virðing í samskiptum.

Námskeiðið er sérsniðið að Fríhöfninni.

Fyrirkomulag

Dagsetning 23. janúar. **Inngangur að vinnustofu.** Opnað fyrir Rafrænt námskeið í kennslukerfi Frihafnarinnar. 1 klukkustund (eða styttra?).

Dagsetning 5. febrúar. **Vinnustofa.** Staðbundið 3 klukkustundir. Staðsetning; Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) að Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ. Hópnum verður tvískipt, hópur 1 kl. 9-12 og hópur 2 kl. 13-16

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman, MSc í hagnýtri jákvæðri sálfræði, þjálfari og ráðgjafi hjá þekkingarmiðlun